



SORPA bs.
Björn H. Halldórsson
Gylfaflöt 5
112 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 26. október 2018
Tilv.: UMH18100020/20-1

Vísað er til erindis yðar frá 5. október sl., þar sem sótt er um framlengingu á tímabundinni undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðun í Álfsnesi á meðan unnið er að útgáfu starfsleyfis. Erindinu fylgdi yfirlýsing allra eigenda Sorpu bs., dags. 1. október sl., með sameiginlegri túlkun á eigendasamkomulagi þeirra, dags. 25. október 2013, um að það sé ætlun eiganda að urðun verði hætt í Álfsnesi í lok árs 2020. Í erindinu er forsaga málsins reifuð. Fram kemur að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hafi með úrskurði sínum, dags. 23. febrúar 2017, í máli nr. 107/2014 fellt úr gildi ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis fyrir Sorpu bs. að því er varðar urðun á þeim forsendum að dagsetningar á lokun urðunarstaðar sem tilgreint er í fyrrnefndu eigendasamkomulagi og aðalskipulagi Reykjavíkur væru ekki samhljóma. Undanþága frá starfsleyfi hafi verið veitt með bréfi ráðuneytisins, dags. 27. febrúar 2017 til 24. október 2018.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–V, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Í 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, er kveðið á um að móttökustöð fyrir úrgang skuli hafa gilt starfsleyfi. Ráðherra er heimilt, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 og samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.

Í samræmi við ákvæði 14. gr. laga um meðhöndlun úrgangs sendi ráðuneytið erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar með afriti á Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur. Ráðuneytið upplýsti Heilbrigðisnefnd Kjörsarsvæðis um erindið sem gerði ekki athugasemdir við að umrædd undanþága yrði veitt. Þá sendi ráðuneytið erindið til umsagnar Skipulagstofnunar hvað varðar skipulagsþátt málsins.

Í umsögn Skipulagsstofnunar frá 18. október sl. kemur fram að á svæðinu sem um ræðir sé í gildi svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, *Höfuðborgarsvæðið 2040*, hafi verið staðfest 29. júní 2015. Í markmiði 3.2. í svæðisskipulaginu segi: „*Urðun á Álfsnesi verður hætt á skipulagstímabilinu, eigi síðar en 2020 eins og kveðið er á um í samkomulagi eigenda Sorpu frá 25. október 2013.*“ Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030, sem hafi verið staðfest 24. febrúar 2014, sé sorpförgunarsvæðið í Álfsnesi skilgreint sem iðnaðarsvæði. Í ákvæðum aðalskipulagsins um landnotkun á þeim landnotkunarreit segir:

„Núverandi sorpförgunarsvæði er á Álfsnesi. Tímamörk urðunar miðast við eigendasamkomulag sveitarfélaganna og viðauka þess, dagsett 25. október 2013 (sjá fylgiskjal C.8). Unnið verði í samræmi við markmið laga um meðhöndlun úrgangs og markvisst dregið úr urðun úrgangs. Til að ná þeim markmiðum er gert ráð fyrir byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar í grennd við núverandi urðunarstað, sbr. ofangreint samkomulag og viðauka þess. Starfsemi í Álfsnesi getur haldið áfram þó hætt verði frekari urðun í Álfsnesi.“ Í yfirlýsingu eigenda Sorpu bs. frá 1. október sl. komi fram að túlka beri eigendasamkomulagið sem vísað sé til í aðalskipulaginu með þeim hætti að urðun í Álfsnesi verði hætt í síðasta lagi í lok desember 2020. Í gildi sé deiliskipulag fyrir urðunarstaðinn í Álfsnesi samþykkt af skipulagsstjóra ríkisins 1. júlí 1991. Síðan hafi verið gerðar tvær breytingar á deiliskipulaginu, sú síðari hafi tekið gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda 15. maí 2015. Í kafla 3.2.1 í skipulagsskilmálum hennar segi eftirfarandi: „Gert er ráð fyrir að á svæðinu séu urðuð allt að 120.000 tonn af úrgangi á ári í samræmi við nánari ákvæði gildandi starfsleyfis, til 31. desember 2020.“ Skipulagsstofnun telji ljóst að gert sé ráð fyrir urðun á svæðinu til 2020 samkvæmt svæðisskipulagi og deiliskipulagi. Jafnframt sé gert ráð fyrir urðun á svæðinu í aðalskipulagi, þótt áhöld hafi verið um þau tímaákvæði sem vísað sé til í því. Skipulagsstofnun telji að við túlkun þess þurfi að horfa til réttthæðar svæðisskipulags gagnvart aðalskipulagi, sbr. 7. mgr. 12. gr. skipulagslaga, sem og þeirrar yfirlýsingar sem fyrir liggja af hálfu eigenda Sorpu frá 1. október sl.

Í umsögn Umhverfisstofnunar frá 24. október sl. kom fram að Umhverfisstofnun hafi litið svo á að eigendasamkomulagið og þar með aðalskipulagið hafi heimilað urðun til ársloka 2020. Samkvæmt starfsleyfi Sorpu bs. hafi því ákvæði um urðun átt að falla úr gildi í árslok 2020. Úrskurðarnefndin hafi hins vegar í úrskurði sínum frá 23. febrúar 2017 komist að þeirri niðurstöðu að í eigendasamkomulaginu væri miðað við að lok urðunar hafi átt að vera 24. október 2018. Starfsleyfið gildi að öðru leyti til 21. ágúst 2030. Áður hafi Sorpa bs. fengið undanþágu frá starfsleyfi hjá ráðuneytinu þann 27. febrúar 2017 í kjölfar úrskurðar úrskurðarnefndar. Í umsögn Umhverfisstofnunar vegna þeirrar beiðni hafi stofnunin sagt að ríkar ástæður væru til að veita umbeðna undanþágu m.a. í ljósi umfangs þess úrgangs sem komi frá þjónustusvæði rekstraraðila. Enn fremur hafi komið fram í umsögn stofnunarinnar að ógilding ákvæða um urðun snéru ekki að þáttum er varði mengunarvarnir heldur samræmi gildistíma starfsleyfis er varðar urðun við skipulag Reykjavíkur. Stofnunin og ráðuneytið hafi undir höndum yfirlýsingu frá 1. október sl. vegna eigendasamkomulags eigenda Sorpu bs. þar sem sömu aðilar lýsa yfir með skýrum hætti að eigendasamkomulagið frá 25. október 2013 eigi að túlka með þeim hætti að miða eigi við að urðun verði hætt í Álfsnesi í seinasta lagi í lok desember 2020. Aðilar samkomulagsins hafi því séð ástæðu til að gefa út hver hafi verið vilji aðila samkomulagsins frá 25. október 2013 í ljósi þess að vísað hafi verið til samkomulagsins við túlkun á aðalskipulagi Reykjavíkur með þeim hætti að ákvæði starfsleyfis Sorpu bs. er varða urðun hafi verið felld úr gildi af úrskurðarnefnd. Að auki kemur fram í umsögn Umhverfisstofnunar að stofnunin vinni nú að gerð starfsleyfistillögu fyrir urðun í samræmi við nýja umsókn frá Sorpu bs., dags. 24. maí sl. Áður veitt undanþága sé runnin út 24. október 2018 og því sé ljóst að ekki verði lokið við að gefa út starfsleyfi áður en undanþágan renni út. Í ljósi fyrirliggjandi yfirlýsingar sveitarfélaganna og í ljósi þeirra hagsmuna að ekki verði röskun á móttöku og urðun úrgangs í Álfsnesi telji Umhverfisstofnun rétt að veita rekstraraðila undanþágu frá starfsleyfi vegna urðunar í Álfsnesi. Með yfirlýsingu allra eigenda Sorpu bs., dags. 1. október sl. var sett fram sú sameiginlega túlkun á eigendasamkomulaginu að það sé ætlun eigenda Sorpu bs. að urðun verði hætt í Álfsnesi í lok árs 2020. Í 1. mgr. 7. mgr. 12. gr. skipulagslaga er kveðið á um að gildandi skipulagsáætlanir skuli vera í innbyrðis samræmi og að svæðisskipulag sé réttthærra en aðalskipulag og aðalskipulag réttthærra en deiliskipulag. Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, *Höfuðborgarsvæðið 2040*, frá 29. júní 2015 kemur fram að á skipulagstímabilinu verði urðun á Álfsnesi hætt eigi síðar en 2020. Í ljósi framangreinds og framangreindra umsagna Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar og í samræmi við 1. mgr. 6. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og 2. ml. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003,

um meðhöndlun úrgangs, þar sem úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála gerði ekki efnislegar athugasemdir við ákvæði í hinu ógilta starfsleyfi er varða mengunarvarnir, og að ríkar ástæður mæli með undanþágunni veitir ráðuneytið hér með tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðunarstað Sorpu bs. á Álfsnesi að því er varðar urðun.


Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

- Sorpa bs. skal fylgja ákvæðum þeim sem koma fram í starfsleyfi um meðhöndlun úrgangs í Álfsnesi sem gefið var út 21. ágúst 2014.
- Starfsemin skal lúta ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 738/2003, um urðun úrgangs, og annarra reglugerða sem um urðunarstaði gilda.
- Umhverfisstofnun fer með framkvæmd mengunarvarnaeftirlits á gildistíma undanþágunnar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en eigi lengur en til 1. júní 2019.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Laufey Helga Guðmundsdóttir

Afrit:

Umhverfisstofnun

Skipulagsstofnun

Heilbrigðisnefnd_Reykjavíkur

Heilbrigðisnefnd Kjúpasvæðis

